

# Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

## Stjórnarfundur

Miðvikudaginn 4. september 2024 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn á Teams og hófst fundurinn 11:00

Fundinn sátu: Garðar Freyr Vilhjálmsson, Andri Þór Árnason og Ingibjörg Þórunn Steinudóttir

Andri Þór ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Heimasíða

Stjórnarmenn fóru yfir sín hlutverk varðandi heimasíðu félagsins, verkefnið er á lokametrum og stefnt er að því að opna heimasíðuna í næstu viku (vika 37). Skipulagður verður fundur með starfsmanni frá Stefnu fyrir opnun.

#### 2. Aukning á hlutfé félagsins

Ingibjörg spurði um stöðu á auknu hlutfé frá Byggðastofnun. Andri upplýsti stjórn um að ekki sé búið að greiða út neitt af hlutfjárloforði Byggðastofnunar. Bókun stjórnar Byggðastofnunar frá því desember 2023 var eftirfarandi:

*Lagt er til að aukið verði við hlutfé Byggðastofnunar í Fjárfestingafélaginu Hvammi ehf. um allt að 25 m.kr. en þó aldrei hærra en 40% af heildar hlutfé, með handbæru fé eða eignarhlutum í öðrum félögum. Heimilt sé að greiða út hluta í ár og það sem eftir stendur við framvindu verkefnisins á næsta ári.*

Stjórn félagsins þarf því að óska eftir því við endurskoðanda félagsins að finn út hversu háa heimild félagið hefur til þess að auka hlutfé Byggðastofnunar til að 40% markinu sé náð. Lagt til að Ingibjörg komi þessum upplýsingum til endurskoðanda félagsins.

#### 3. Pósthúsið.

Rætt var um möguleg kaup á Pósthúsinu í Búðardal, stjórn félagsins var sammála um að kaup á fasteigninni væri ekki fýsilegur fjárfestingakostur. Ekki er öll fasteignin til sölu og óljóst er hvaða starfsemi er leyfð í fasteigninni og því mat stjórnar að aðhafast ekki í átt að kaupum á húsinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:55

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Andri Þór Árnason

Garðar Vilhjálmsson

Ingibjörg Þórunn Steinudóttir